

3. Tollskrárnúmer 99000012 gildir eingöngu vegna tollafgreiðslu hraðsendinga samkvæmt 2. tölul. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 445/1997 og tollskrárnúmer 99000013 gildir eingöngu vegna tollafgreiðslu hraðsendinga samkvæmt 3. tölul. 6. og 7. gr. sömu reglugerðar.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998. Frá sama tíma falla úr gildi fyrirmæli samkvæmt reglugerð nr. 191/1993 um sama efni.

Ríkistollstjóri, 17. nóvember 1997.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. nóvember 1997 staðfest aðalskipulag Garðabæjar 1995-2015. Jafnframt er felld úr gildi aðalskipulag Garðabæjar 1985-2005, sem staðfest var 12. maí 1987, með síðari breytingum.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hóla í Hjaltadal 1990-2010.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Hólahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. apríl 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hóla í Hjaltadal frá 31. desember 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er að svæði áætlað sem stofnanalóð færist til norðurs á svæði merkt skrúðgarður, leiksvæði, íþróttasvæði og til austurs inn á svæði merkt byggingarsvæði.

Hreppsnefnd Hólahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.